

Fundargerð

14. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.
28. september 2022 klukkan 13:00 í fundarsal Skipulagsstofnunar, Öskju

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Freydís Vigfúsdóttir (FV), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Hreinn Hrafnkelsson (HH) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJ), sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Tímaáætlun fyrir vinnu við skipulagstillögu eftir kynningartíma

HÁP kynnti svæðisráði 12 vikna tíma- og viðbragðsáætlun til úrvinnslu á athugasemdum sem bárust vegna skipulagstillögunnar. Á þeim tíma þarf svæðisráð að taka afstöðu til allra athugasemda og meta hvort þær gefi tilefni til breytingar á auglýstri tillögu. Tímaáætlun gerir ráð fyrir að svæðisráð Vestfjarða ljúki við endanlega tillögu inna tilsetts frests, eða fyrir 8. desember 2022.

Samþykkt að vinna eftir tímaáætlun og boða fundi svæðisráðs 2. nóvember og 7. desember 2022

2. Umfjöllun um framkomnar athugasemdir

Kynningartíma skipulagstillögunnar lauk 15. september 2022. Borist hafa 118 umsagnir eða athugasemdir við tillöguna og er beðið eftir þremur til viðbótar.

Fulltrúar í svæðisráði ræddu inntak framkominna athugasemdir, helstu áhersluatriði sem bregðast þarf við og hvernig best sé að því staðið.

Samþykkt að Skipulagsstofnun vinni tillögur að viðbrögðum og umsögn við athugasemdum sem lögð verði til umræðu á næsta fundi svæðisráðs.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál komu til umræðu.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 15:00